

## GJALDSKRÁ

### Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar.

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar er byggð á lögum nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga, ásamt síðari breytingum og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

#### 1. gr.

##### *Vatnsgjald.*

Hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign ber að greiða af henni árlegt vatnsgjald til Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar og skal það vera eftirfarandi:

- a) Vatnsgjald íbúðarhúsnæðis verði fast gjald 4.928,22 kr. pr. íbúð og 180,88 kr. pr. fermetra húss.
- b) Vatnsgjald af öðru húsnæði en íbúðum verði fast gjald 15.087,38 kr. pr. eign og 199,46 kr. pr. fermetra húss.
- c) Árleg vatnsgjöld fyrir sveitabýli, eitt íbúðarhús og útihús á sömu kennitölu skulu vera eitt fastagjald og fullt fermetragjald af íbúðarhúsinu og 1/2 fermetragjald af öðrum húsum.
- d) Álagning skv. a-, b- og c-lið skal þó aldrei vera hærri en 0,4% eða lægri en 0,1% af fasteignamati allra húsa og lóða.

#### 2. gr.

##### *Gjalddagar.*

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

#### 3. gr.

##### *Aukavatnsgjald.*

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, greiða auka-vatnsgjald sem hér segir:

<i>Aukavatnsgjald</i>	<i>Kr./m<sup>3</sup></i>
fyrstu 100.000 m <sup>3</sup>	31,16
100.000 – 250.000 m <sup>3</sup>	28,29
eftir 250.000 m <sup>3</sup>	25,80

Aukavatnsgjald skal innheimta samkvæmt mæli sem Vatnsveita Dalvíkurbyggðar leggur til.

#### 4. gr.

##### *Mælaleiga.*

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu á tveggja mánaða fresti greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælagjald í kr. á dag</i>
að 32 mm	14,04
40 mm	14,04
50 mm	16,67
80 mm	40,08
100 mm	72,39

5. gr.		
<i>Heimæðagjald.</i>		
<i>Þvermál inntaks</i>	<i>Inntaksgjald, kr.</i>	<i>Yfirlengd, kr./m</i>
25 mm	237.074	11.123
32 mm	342.439	11.123
40 mm	434.634	11.123
50 mm	579.512	11.123
63 mm	816.585	11.123
75 mm	1.159.023	11.123
90 mm	1.712.193	11.123

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 50 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Heimæðar 110 mm og víðari greiðast samkvæmt reikningi. Heimæðargjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 1. október 2020, 148,4 stig og breytist til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

## 6. gr.

*Ábyrgð á greiðslu gjalda.*

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds, en notandi, ef hann er annar en eigandi, ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsgjalda og leigugjalda. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 9. gr. laga nr. 32/2004. Vatnsgjald og heimæðargjald, ásamt vöxtum og áföllnum kostnaði, nýtur lögveðsréttar í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfaraveði. Aukavatnsgjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

## 7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 24. nóvember 2020, er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga.

Gjaldskráin gildir frá og með 1. janúar 2021. Jafnframt fellur brott eldri gjaldskrá nr. 1232/2019.

*Dalvíkurbyggð, 4. desember 2020.*

**Katrín Sigurjónsdóttir** sveitarstjóri.